

1865.
16. ágúst. fyrir Reykjavík en fyrir kaupstaðina í konungsríkinu, en þar leggur dómsmálastjórnin úrskurð á þesskonar mál, þá verðum vèr að fela yður á hendur, herra stiptamtmaður, að leggja úrskurð á þetta mál, eptir því sem yður virðist réttast eptir þeim ítarlegri skýrslum, sem nú eru fram komnar.

28. ágúst. **60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin.**

Samkvæmt tillögum stiptamtsins í bréfi dagsettu 5. f. m. hefir dómsmálastjórnin veitt Sumarliða gullsmið Sumarliðasyni úr Ísafjarðarsýslu 250 ríkisdala styrk, til þess að taka þátt í fiskisýningunni í Björgvin, og útaf bænarskrá, sem seinna kom frá honum, 100 ríkisdali til þess að kaupa fyrir veiðarfæri, mótmyndir og annað þvíumlíkt, ásamt með mönnum þeim, er sendir voru frá Reykjavík til fiskisýningarinnar, og er svo til ætlazt, að því verði útbýtt á þann hátt, sem þèr hafið vikið á, herra stiptamtmaður, í bréfi yðar 9. þ. m.¹— Þetta gefst yður hérmeð til vitundar yður til leiðbeiningar.

30. ágúst. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um byggingu Möðruvalla klausturs kirkju.**

Eptir að þèr, herra amtmaður, höfðuð skýrt frá í bréfi 10. marzmán. þ. á., að Möðruvalla klausturs kirkja hefði brunnið

1) Það er að segja, að stjórn húss- og bústjórnarfélags suðuramtsins og menn þeir, sem gengið höfðu fyrir samskotum til þess að senda menn frá Reykjavík til fiskisýningarinnar, útbýti hlutum þessum á hagfældasta hátt.

1865.

30. ágúst.

til kaldra kola 5. s. m., hafð þér í bræfi dagsettu 16. júnímán. þ. á. sýnt fram á, að þörf sé á, að kirkjan verði reist aptur, svo fljótt sem auðið er, og sent hingað uppdrátt, er smíða á nýju kirkjuna eptir, og þrír menn, er þekkja til húsagerðar, hafa búið til, þar með áætlun um viði og önnur föng, er þarf til smíðisins. Þér hafð einnig skýrt frá, að þér hafð hlutast til um, að viðir þessir verði keyptir, og beiðzt samþykkis stjórnarráðsins bæði til þess, sem þér þegar hafð gjört, og eins til þess, að kaupa megi skrúða og önnur áhöld handa kirkjunni, og að segja megi upp fé því, 2460 ríkisdöllum, er kirkjan á á vöxtum í jarðabókarsjóði Íslands, og því sé síðan varið ásamt öðrum efnum kirkjunnar til þess að borga kostnað þann, er kirkjusmíðið hefir í för með sér. Að endingu hafð þér getið þess, að nefnd nokkur, er sóknarmenn höfðu kosið, hafi stungið uppá, að amtmannshúsinu, Friðriksgáfu, væri breytt í kirkju, en að þér hafð ekki álitnið það hagfellt, og hafð þér samt áður borið það undir menn þá, er að ofan er um getið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin bæði samþykkir það sem þér þegar hafð gjört í þessu efni, og fellst einnig á það, að þér gjörið ráðstafanir þær, sem þér hafð bent á að gjöra þurfi. Uppdráttur sá og áætlun, sem að framan er um rædt, fylgir með bræfi þessu.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir skemmdir á eggveri.

30. ágúst.

Þér hafð, herra amtmaður, sent utanríkisstjórninni bænarskrá úr Norðurmúla sýslu um að heimtað verði fé, er formennirnir á 3 enskum fiskiskútum áttu að greiða aðalverzlunarfulltrúa Danakonungs í Lundúnum fyrir skemmdir á eggveri í Vopnafirði, og er það 1¼ pund sterling í sektir og 6 pund sterling í skadabætur. Eptir að utanríkisstjórnin nú hefir fengið skýrslu um, að búið er að greiða aðalverzlunarfulltrúanum fé